



# Skráning ritraða

Fræðslufundur skrásetjara  
4. desember 2009

---

Hildur Gunnlaugsdóttir



# Ritröð - skilgreining

- Flokkur rita sem bera sameiginlegan safntitil auk eigin aðaltitils, bindin eru ýmist tölusett eða ótölusett
  - Þegar útgáfa ritraðar hefst sér yfirleitt ekki fyrir endann á henni
  - Dæmi um ritröð: Orðfræðirit fyrri alda
- Fjölbindaverk falla ekki undir þessa skilgreiningu - t.d. *Kennaratal á Íslandi*
  - Fjölbindaverk eru gefin út í takmörkuðum fjölda binda

# Færsla fyrir bindi í ritröð

[Full Færsla](#) [Tilvitnun](#) [Marksníð](#)

[Setja á lista](#) [Vista / Senda](#) [Prenta](#)

[Til baka](#)

Til að taka frá efni eða panta millisafnalán þarftu að vera [innskráður](#)

## Bókfræðifærsla númer 3 af 4

**Höfundur** [Björn Halldórsson 1724–1794 \(Sauðlauksdal\)](#)

**Titill** [Orðabók, íslensk-latnesk-dönsk / Björn Halldórsson ; Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna.](#)

**Útgáfa** Ný útg.

**Staður Forlag Ár** [Reykjavík] : Orðabók Háskólans, 1992.

**Lýsing** xlv, 554 s. : myndir, ritsýni, töflur ; 25 sm.

**Ritröð** [Orðfræðirit fyrri alda : 2](#)

**Athugasemd** Eftir handriti í Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn

Fyrst gefin út árið 1814 af Rasmusi Kristjáni Rask undir titlinum Lexicon Islandico-Latino-Danicum

**Innihald** Meðal efnis: Formáli / Jón Aðalsteinn Jónsson: s. ix-xxviii -- Athugun á orðaforða orðabókar Björns Halldórssonar / Friðrik Magnússon: s. xxxi-xlv

**Upprunal. útg.** 1. útg.: 1814



# Breyting á MARC 21

- Svið 440 er aflagt (obsolete) samkvæmt MARC 21 \*
- Nota skal svið 490 / 8XX fyrir **nýja ritraðatitla** í Gegni
- Ekki nota 440 við skráningu **nýrra ritraða** í Gegni
- Ritraðir, sem hafa verið skráðar í 440, verða þannig áfram um sinn
  - Bindi, sem bætast við slíka ritröð, eru skráð eins og þau sem fyrir eru

# Rök fyrir úreldingu sviðs 440

- Einföldun, þ.e. sama aðferð við allar ritraðir – tvö svið í öllum færslum, 490 og 8XX
  - 490 titill tekinn upp eins og stendur á riti
  - 8XX samræmdur titill ritraðar
- Hliðstæð hugsun og 245 \$c / 100
  - 245 \$c = ábyrgðaraðild tekin upp eins og stendur á riti
    - by Halldor Laxness
  - 100 = valmynd í nafnmyndaskrá / höfðalista
    - Halldór Laxness 1902-1998

# Svið 490 og 8XX

- Titill ritraðar, eins og hann stendur á riti, er greindur í sviði 490
  - Svið 490 er ætlað til birtingar, þ.e. full færsla á [gegnir.is](http://gegnir.is)
- Leitarbær aukafærsla er gerð í sviði 8XX ef við á
  - 8XX eru svið fyrir leitaratriði, sækja með F3
  - Í höfðalista ritraða (SRS) eiga bindi ritraðarinnar að safnast undir sama titil þótt framsetningin sé mismunandi á einstökum bindum

# Samhljóða titill í 490 og 830

490 1# \$\$aThe great centuries of painting  
830 #4 \$\$aThe great centuries of painting

- 830 síðari vísir = fjöldi ógildra tákna við röðun í stafrófsskrá
- Sækja ritraðartitilinn í höfðalista / titlalista (F3)

# Ritröð stofnunar

## Dæmi

490 1# \$\$aVísindafélag Íslendinga (Societas scientiarium Islandica). Ráðstefnurit,\$\$x1010-7193 ;\$\$v5

810 2# \$\$aVísindafélag Íslendinga.\$\$tRáðstefnurit Vísindafélags Íslendinga,\$\$x1010-7193 ;\$\$v5

- Ekki þarf aukafærslu fyrir *Societas scientiarium Islandica* vegna þess að sú nafnmynd er virk frávísun í nafnmyndaskrá
  - *Societas scientiarium Islandica* finnst í orðaleit
- Dæmi - færslunúmer 400597 og 95747



# Handbók skrásetjara Gagnis

- Leiðbeiningum um skráningu ritraða hefur verið breytt með hliðsjón af breytingu á MARC 21
- Leitast er við að gera grein fyrir hyggilegu verklagi í nánustu framtíð
  - Sjá <http://hask.bok.hi.is/> *Marksnið → 4XX Ritraðir og undirkaflar*
  - Sjá <http://hask.bok.hi.is/> *Marksnið → 8XX Aukafærslur á ritraðir o.fl. → 810 Stofnun og 830 Samræmdur titill*

# Lífið eftir 440

- Ósamræmi í skráningu ritraða er áberandi í Gegni
- Á verkefnalista gæðahóps Gagnis 2010 er að finna verklag við samræmingu
  - Ljóst að vélvirk breyting úr 440 í 490/8XX kallar á handvirkan undirbúning
- Áhersla verður á lifandi efni, þ.e. ritraðir sem enn koma út
- Miðað við ástand ritraða í gögnunum er óraunhæft að búast við fullt samræmi náist

# Ritraðirnar þarfnast aðhlynningar

- Ef fáir titlar eru komnir út í ritröð, sem nú er skráð í 440, er gráupplagt að breyta færslunum
  - Flytja ritraðartítilinn í 490 og 8XX og eyða 440
- Við næstu lyklun (indexingu) Gegnis fjölgar möguleikum á að leita að ritraðatitlum
- Spurningar?